



Póst- og fjarskiptastofnun

Ársskýrsla 2012



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra.....	5
Miklar breytingar á fjarskiptabjónustu framundan.....	5
Hefðbundin pósthjónusta dregst saman.....	5
Fjarskiptaáætlun 2011 - 2022	6
Fjarskiptamarkaðurinn á Íslandi.....	7
Heimasíminn á undanhaldi	8
Hægir á fjölgun farsímaáskrifta	8
Ljósleiðaratengingum fjölgar.....	9
Samanburður á fjarskiptanotkun milli Norðurlanda.....	9
Markaðsgreiningar efla samkeppni á fjarskiptamarkaði.....	9
Mælaborð fjarskiptamarkaðarins – aðgengilegri tölfræði	10
PLB - Neyðarsendar fyrir einstaklinga í notkun á Íslandi	10
Íslenskur fjarskiptamarkaður í evrópsku samhengi	11
Tafir á innleiðingu á nýju fjarskiptaregluverki ESB.....	11
Neytendur á fjarskiptamarkaði.....	12
Lækkandi verð á reikihjónustu á EES svæðinu.....	13
Fjarskiptatækni í hraðri þróun	14
Breytingar á tíðniskipulagi	14
Undirbúningur tíðniúthlutana fyrir 4G tækni.....	14
Net- og upplýsingaöryggi í forgrunni.....	14
CERT-ÍS – Netöryggissveit PFS.....	15
Samevrópsk æfing netöryggishópa	15
Skráð fjarskiptafyrirtæki í lok árs 2012	16
Póstmál	18
Fækkun bréfasendinga innan einkaréttar	18
Ákvarðanir PFS varðandi póstmál á árinu	19
Úrskurðir úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála um póst.....	19
Póst- og fjarskiptastofnun árið 2012.....	20
Ákvarðanir og úrskurðir.....	22
Ákvarðanir PFS	22
Úrskurðir úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála	28
Starfsemi PFS í tölum árið 2012	29
Ársreikningur Póst- og fjarskiptastofnunar 2012.....	30



Ávarp forstjóra



Á undanföllum árum hefur umfang í starfsemi Póst og fjarskiptastofnunar aukist verulega vegna nýrra verkefna og aukinna krafna um eftirfylgni regluverksins. Fjárheimildir hafa hins vegar ekki fylgt sömu þróun. Frá árinu 2007 hafa þær dregist saman yfir 20% að raungildi auk þess sem ný og aukin verkefni hafa fallið til. Á árinu 2012 varð því um 35 milljóna kr. tap á rekstri PFS. Tekjur af sjálfstæðum tekjustofnum stofnunarinnar hafa aukist, en lagaheimild þarf í fjárlögum til að ráðstafa innheimtum tekjum. Vegna aðhalds í ríkisfjármálum og niðurskurðar hefur slík fjárheimild ekki fengist. Telur PFS að fyrirkomulag fjárheimilda sé ekki í samræmi við regluverk það sem stofnuninni er ætlað að starfa eftir. Þessi staða hefur leitt til fækkunar starfsfólks og gert stofnuninni erfitt fyrir um að takast á við nýjungar í starfsemi, þvert á alla þróun í regluverki og á markaði.

Á árinu 2012 var megin áherslan í starfsemi PFS áframhaldandi uppbygging sjálfbærs samkeppnismarkaðar á sviði fjarskipta, m.a. með markaðsgreiningum og viðeigandi kvöðum á markaðsráðandi aðila. Einnig hafa aðgerðir stofnunarinnar varðandi pósthjónustu verið nokkuð fyrirferðarmiklar. Önnur verkefni hafa m.a. lotið að uppbyggingu CERT-ÍS, netöryggissveitar sem stofnuð var innan PFS með lagabreytingu á árinu. Vægi netöryggis hefur aukist stórlega í starfi stofnunarinnar og má gera ráð fyrir að það muni enn aukast á næstu misserum.

Miklar breytingar á fjarskiptaþjónustu framundan

Á næstu 10 árum er líklegt að gríðarlegar breytingar verði á fjarskiptaþjónustu. Gera má ráð fyrir að undir lok áratugarins verði algengur hraði internetþjónustu a.m.k. 100 Mb/s. Jafnframt verði farnet með svipuðum hámarkshraða orðin útbreidd um land allt. Ljósleiðaratengingum mun halda áfram að fjölga og hefðbundinn heimilissími mun

líkast til nær hverfa. Jafnframt er nokkuð víst að aðgangur að sjónvarpsefni verður í auknum mæli veittur í gegnum internetið þar sem neytandinn getur valið fjölbreytt efni íslenskra og erlendra miðla til að njóta þegar honum hentar. Til að raunhæft sé að framtíðarsýn þessi rætist þarf að huga vel að uppbyggingu innviða fjarskipta, hvort heldur sem um er að ræða stofnnet ljósleiðara, ljósleiðaraheimtaugar eða fjarskiptastaði fyrir farnetsþjónustu. Í lok nóvember 2012 samþykkti Alþingi nýja fjarskiptaáætlun. Í henni eru sett metnaðarfull markmið um gæði, aðgengi, útbreiðslu og öryggi fjarskiptaþjónustu. Stofnunin mun hafa markmið áætlunarinnar að leiðarljósi þegar kemur að útfærslu einstakra þátta í starfsemi hennar. Fjarskiptaáætlun er gerð nánari skil á bls. 6.

Hefðbundin pósthjónusta dregst saman

Samfara þróun fjarskipta hafa miklar breytingar orðið á hefðbundinni pósthjónustu. Fjöldi bréfa undir 50 grömmum hefur dregist mjög saman. Þetta hefur þau áhrif að sífelld erfiðara og kostnaðarsamara er að halda úti háu gæðastigi pósthjónustunnar, en kveðið er á um að póstur skuli borinn út 5 daga vikunnar.

Íslandspóstur hefur einkarétt á dreifingu bréfa sem eru 50 gr. og léttari til að standa undir þessu gæðastigi á þeim svæðum þar sem kostnaður við útburð er hærri en tekjur. Stofnunin hefur tekið ýmsar ákvarðanir undanfarnir ár til að auka hagkvæmni í dreifikerfi Íslandspósts, en betur má ef duga skal. Stjórnvöld hugleiða nú frekari ráðstafanir sem m.a. gætu falið í sér lægra þjónustustig og kostnað við dreifingu pósts þar sem útburður er kostnaðarsamastur og að færa afhendingarstað pósts úr bréfalúgum landsmanna yfir í póstkassa við lóðarmörk. Ljóst er að þessar aðgerðir eru ekki til vinsælda fallnar, en á hinn bóginn er einnig víst að grípa verður til frekari ráðstafana og hagræðingar ef einingaverð í pósthjónustu á ekki að verða óhóflega hátt.

Fjarskiptaáætlun 2011 - 2022

Alþingi samþykkti sl. haust fjarskiptaáætlun 2011 til 2022 og einnig áætlun um almenn fjarskiptaverkefni 2011 til 2014. Í áætluninni eru sett metnaðarfull markmið um gæði, aðgengi, útbreiðslu og öryggi fjarskiptaþjónustu. Helst markmið varðandi aðgengi að fjarskiptaþjónustu eru:

- **90% lögheimila og vinnustaða eigi kost á 30 Mb/s árið 2014, 100% árið 2022.**
- **70% lögheimila og vinnustaða eigi kost á 100 Mb/s árið 2014, 99% árið 2022.**
- **98% lögheimila og vinnustaða eigi kost á háhraðafarneti árið 2014, 99,9% árið 2022.**
- **80% af landi og hafsvæði kringum landið eigi kost á háhraðafarneti árið 2018.**

Til þess að ná þessum markmiðum telur stofnunin að til þurfi að koma samstillt átak markaðsaðila, sveitarstjórna, veitufyrirtækja, stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila. Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að vinna á grundvelli fjarskiptaregluverksins og stuðla að uppbyggingu á markaðsforsendum. Þar sem markaðsbrestur er þarf að gera sérstakar ráðstafanir, t.d. með því að setja útbreiðslukröfur þegar tíðniheimildum er úthlutað, stuðla að samnýtingu veituframkvæmda til að efla innviði fjarskipta, með uppbyggingu fjarskipta á grundvelli öryggissjónarmiða og með þróun fjarskipta á forsendu alþjónustu eða með beinu ríkisframlagi þar sem það á við og aðrar leiðir hafa ekki skilað árangri.

Stofnunin telur nauðsynlegt að stjórnvöld komi sér upp stjórnækjum, þ.m.t. landfræðilegum upplýsingakerfum, sem innihaldi upplýsingar um öll fjarskiptakerfi og þjónustusvæði þeirra, til að geta greint og metið stöðu fjarskipta í landinu og gert raunhæfar áætlanir um þróun og uppbyggingu þeirra. Jafnframt telur stofnunin nauðsynlegt að stuðlað verði að samnýtingu innviðaframkvæmda þannig að hugað verði að þróun innviða fjarskipta þegar veituframkvæmdir eru á döfinni. Mikilvægt er að aðstoða sveitarstjórnir og veitufyrirtæki sem áhuga hafa á því að efla innviði fjarskipta á starfssvæði sínu.


Stofnunin telur að til að ná ofantöldum markmiðum þurfi að efla ljósleiðarastofnnet landsins. Einnig þarf að efla ljósleiðaralagnir í dreifbýli þar sem vegalengdir eru miklar og önnur tækni dugar ekki til að veita 100 Mb/s þjónustu á fastaneti. Mikil uppbygging 4G farneta er fyrirhuguð. Þau net geta boðið mikinn hraða, yfir 30Mb/s, og fyrirséð er að þau geti boðið um eða yfir 100 Mb/s fyrir 2022. Til þess að slíkt sé raunhæft er nauðsynlegt að efla baknetstengingar sendastaða 4G neta. Einungis innan við helmingur sendastaða í dreifbýli er nú tengdur ljósleiðara samkvæmt greiningu sem stofnunin lét vinna vegna undirbúnings uppboðs á 4G tíðnunum.

Í fjarskiptaáætlun eru sett markmið varðandi öryggi fjarskipta. Markmiðin snúa annars vegar að vernd innviða fjarskipta, t.d. gagnvart áföllum, og hins vegar að þeirri ögn sem stafar af netglæpum og netárásum. Stofnunin tekur þátt í stefnumótun vegna mótunar þjóðaröryggisstefnu stjórnvalda um netöryggi og vernd ómissandi innviða fjarskipta- og upplýsingakerfa. Jafnframt starfrækir stofnunin netöryggissveit, CERT-IS sem hefur m.a. það hlutverk að samræfa aðgerðir vegna mögulegra netárása.

Fjarskiptamarkaðurinn á Íslandi

Litlar breytingar urðu á íslenskum fjarskiptamarkaði á árinu 2012. Eins og árin á undan eru það fjögur fyrirtæki sem láta mest að sér kveða á þessum markaði, þ.e. Síminn hf., Fjarskipti ehf. (Vodafone), Nova ehf. og IP-fjarskipti ehf. (Tal).


Heildartekjur fyrirtækja á fjarskiptamarkaði jukust um 3 milljarða króna á milli árunna 2011 og 2012, fóru úr rúmlega 45 milljörðum króna árið 2011 í rúmlega 48 milljarða króna á árinu 2012. Eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan er mesta veltan á farsímamarkaði.



Heildartekjur eftir fjarskiptastarfsemi árin 2010 – 2012
(Heimild: Tölfræðiskýrsla PFS fyrir árið 2012, bls. 35)

Fjárfesting á fjarskiptamarkaði nam tæpum 6 milljörðum króna á árinu 2012. Eins og áður var hún mest í fastanetinu

en fór þó minnkandi miðað við árin á undan. Mesta aukningin var í fjárfestingum í farsímanetum.




Fjárfestingar eftir fjarskiptastarfsemi árin 2010 – 2012
(Heimild: Tölfræðiskýrsla PFS fyrir árið 2012, bls. 36)

Heimasíminn á undanhaldi

Undanfarin ár hefur áskriftum fyrir fastlínusíma fækkað jafnt og þétt, þó sú þróun sé mun hægari hér en á hinum Norðurlöndunum. Í lok árs 2012 voru áskriftir fyrir fastlínusíma 147.400, þar af voru heimilisáskriftir 107.096. Fækkunin var um þrjú þúsund áskriftir milli ára 2011 og 2012 og var hún nánast öll í heimilisáskriftum, meðan fyrirtæki halda sínu striki með fastlínusíma. Mínútum sem fólk talar í fastlínusíma fækka enn hraðar. Árið 2010 var talað í fastlínusíma á Íslandi í rúmar 618 milljón mínútur en árið 2012 var mínútufjöldinn kominn niður í rúmar 547 milljón mínútur. Á sama tíma fjölga þeim mínútum sem notaðar eru til að tala í farsíma.

Eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan skipta tvö fyrirtæki, Síminn og Vodafone, með sér stærstum hluta fastlínumarkaðarins, þar sem Síminn er ennþá langstærstur, með nærri 60% mínútufjöldans, en Vodafone tæplega helmingi minni með rúmlega 30% mínútufjöldans.




Fjöldi mínútna á fastaneti skipt eftir fyrirtækjum
(Heimild: PFS)

Hægir á fjölgun farsímaáskrifta

Eftir hraða fjölgun farsímaáskrifta á tíunda áratugnum hefur smátt og smátt hægt á þessari fjölgun eftir því sem útbreiðslan hefur náð til stærri hluta þjóðarinnar. Nú er svo komið að þó sjáanleg sé örlítill fjölgun milli ára 2011 og 2012 er augljóst að jafnvægi er um það bil að nást. Á sama tíma lengist sá heildartími sem Íslendingar nota til að tala í farsíma. Árið 2010 var talað í farsíma í tæpar 743 milljón mínútur, árið 2011 tæplega 765 milljón mínútur og rúmar 771 milljón mínútur árið 2012.


Þrjú fyrirtæki skipta með sér stærstum hluta farsímaáskrifta, þ.e. Síminn, Vodafone og Nova, þar sem Síminn er stærstur með 37,4%, en Vodafone og Nova nánast jafn stór, Vodafone með 28,9% og Nova með 28,3%.



Markaðshlutdeild í heildarfjölda áskrifta á farsímamarkaði skipt eftir fyrirtækjum
(Heimild: Tölfræðiskýrsla PFS fyrir árið 2012, bls.13)

Ljósleiðaratengingum fjölga

Fleiri og fleiri fá nú internetið til sín með ljósleiðara því ljósleiðaratengingum fjölga jafnt og þétt á kostnað hefðbundinna PSTN lína (koparlínur sem notaðar eru fyrir hefðbundið xDSL (ADSL og ljósnet Símans frá götu í hús (VDSL)). Enn er meirihluti nettenginga þó í formi xDSL og á það við um 78,6 % tenginga á árinu 2012. Eins og sést á myndinni hér fyrir neðan er Síminn langstærsti internetþjónustuaðilinn með yfir helming internetáskrifta á markaðnum. Næst á eftir kemur Vodafone með rétt rúmlega þriðjung. Aðrir skipta á milli sín því sem eftir er. Þessi staða er nánast óbreytt milli ára 2011 og 2012.



Markaðshlutdeild í fjölda internettenginga skipt eftir fyrirtækjum
(Heimild: Tölfræðiskýrsla PFS fyrir árið 2012, bls. 30)

Samanburður á fjarskiptanotkun milli Norðurlanda

PFS tekur þátt í virku samstarfi fjarskiptaeftirlitsstofnana Norðurlandanna um söfnun og úrvinnslu tölfræðigagna um fjarskiptamarkaði landanna. Frá árinu 2010 hafa stofnanirnar árlega gefið út sameiginlega skýrslu um mitt ár þar sem fjarskiptanotkun íbúa er borin saman milli landanna miðað við næstliðið ár. Árið 2012 bættust tvö af Eyrastalstlöndunum í hópinn, þ.e. Eistland og Litháen og gert er ráð fyrir að Lettland taki þátt í samanburðinum fyrir árið 2013.

Þessi samanburður sýnir að á heildina litið er fjarskiptanotkun íbúa Norðurlandanna mjög lík og fólk þar nýtir sér sambærilega tækni á svipaðan máta. Þrátt fyrir það má þó víða sjá einhvern mun á notkun og þróun einstakra þátta. Breiðbandsnotkun með farsímum, spjaldtölvum og netlyklum er t.d. minnst útbreidd á Íslandi af Norðurlöndunum fimm, en í því sambandi ber þess að geta að útbreiðsla þriðju kynslóðar farsímaneta hófst tveimur til þremur árum fyrr á hinum Norðurlöndunum fjórum.

Athyglisvert er einnig að Íslendingar virðast nota farsímann minna til að senda skilaboð en samanburðarþjóðirnar, því við sendum færri SMS en tíðkast í flestum hinna landanna. Aðeins Eistar nota SMS skilaboð minna en Íslendingar. Einnig kemur fram að Íslendingar eru enn fastheldnastir Norðurlandabúa á heimasímann, þrátt fyrir að notkun hans hafi minnkað hér á landi. Hins vegar eru Finnar með fæsta fastlínusíma miðað við höfðatölu.

Markaðsgreiningar efla samkeppni á fjarskiptamarkaði

Markaðsgreiningar eru stór þáttur í starfi PFS. Þeim er beitt til að efla samkeppni á markaði með því að greina stöðu markaðsaðila og leggja á viðeigandi úrræði ef samkeppni er ekki talin vera næg. Á árinu 2008 var fyrstu umferð markaðsgreininga á fjarskiptamarkaði lokið. Ári síðar var hafist handa við aðra umferð og var sú vinna í fullum gangi á árinu 2012. Fyrirhugað er að henni verði að mestu lokið á árinu 2013. Ennfremur verður áfram lögð áhersla á að fylgja eftir þeim kvöðum sem lagðar hafa verið á í kjölfar markaðsgreininga, og þá sérstaklega kostnaðargreiningum á heildsöluverðum.

Mælaborð fjarskiptamarkaðarins – aðgengilegri tölfraði

Tvisvar á ári gefur Póst- og fjarskiptastofnun út tölfraðiskýrslu þar sem birtar eru helstu stærðir á fjarskiptamarkaðnum, annars vegar miðað við hálf árs og hins vegar heilt ár.

Í október 2012 bættist mikilvægur þáttur við þessa upplýsingaþjónustu PFS þegar Mælaborð fjarskiptamarkaðarins var sett á vef stofnunarinnar. Á mælaborðinu eru valin gögn úr tölfraðiskýrslunum sett fram á myndrænan og aðgengilegan hátt þannig að notendum er gert kleift að skoða og vinna með einstaka þætti gagnanna mun betur en áður. Það er fyrirtækið DataMarket sem tók að sér að útbúa gögnin til birtingar á vefnum, en fyrirtækið hefur sérhæft sig í slíkri framsetningu tölfraðigagna.



PLB - Neyðarsendar fyrir einstaklinga í notkun á Íslandi

PLB (Personal Location Beacons) eru neyðarsendar sem einstaklingar geta haft á sér til að geta sent neyðarboð hvar sem þeir eru staddir. Póst- og fjarskiptastofnun, Landhelgisgæslan og Landsbjörg stóðu saman að fyrirkomulagi varðandi notkun PLB neyðarsenda (e. Personal Location Beacons) á Íslandi.

Sækja þarf um heimild fyrir starfrækslu PLB neyðarsenda til Póst- og fjarskiptastofnunar sem gefur út leyfisbréf og skráir upplýsingar um sendinn í sérstakan íslenskan gagnagrunn um PLB. Stofnunin heldur utan um gagnagrunninn og sendir uppfærðan lista til Vaktstöðvar siglinga og stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar í hvert sinn sem breytingar verða. PLB neyðarsendarnir vinna á 406 MHz tíðnisviðinu og eru vaktaðir af Cospas/Sarsat gervihnattakerfinu. Ef neyðarboð berast frá PLB sendi sem skráður er á Íslandi er upplýsingum um það komið til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar og Vaktstöðvar siglinga frá Cospas/Sarsat gervihnattakerfinu.

Með tilkomu þessara neyðarsenda efldist verulega það öryggisnet sem ferðamenn á ferð utan alfaraleiða hér á landi geta nýtt sér.

Íslenskur fjarskiptamarkaður í evrópsku samhengi

Í október 2012 kom út skýrsla sem Evrópusambandið lét vinna um stöðu fjarskipta og upplýsingatækni í þeim löndum sem töldust þá taka þátt í stækkunarferli Evrópusambandsins, þ.á.m. á Íslandi. Í skýrslunni er að finna yfirlit yfir stöðu hinna ýmsu þátta fjarskipta og upplýsingatækni í löndunum sem fjallað er um og samanburð við löndin innan ESB, auk þess sem tilhögun eftirlits og staða eftirlitsstofnana er skoðuð.

Almennt séð gefur skýrslan jákvæða mynd af stöðu Íslands á þessu sviði. Tiltekið er að Íslendingar séu langt komnir með að laga fjarskiptaumhverfi sitt að lögum og regluverki ESB og í samanburði við ESB löndin og önnur lönd í stækkunarferlinu kemur Ísland vel út á nær öllum sviðum.

Auk þess að birta samanburð og fjalla um stöðuna á sviði fjarskipta og upplýsingatækni er horft til framtíðar og þess sem leggja þarf áherslu á varðandi fjarskiptamarkaðinn á næstunni. Varðandi Ísland er í þessari skýrslu lögð áhersla á vinnu við aðra umferð markaðsgreininga, sem nú er í fullum gangi innan PFS. Einnig er sérstaklega talað um endurskipulagningu tíðnimála en PFS setti fram nýja tíðnistefnu á árinu 2011 og undirbúningur fyrir úthlutanir á tíðnum á 800 MHz og 1800 MHz, eða svokölluðum 4G tíðnum sé í fullum gangi.

Í skýrslunni er lögð áhersla á nauðsyn þess að eftirlitsstofnanir hafi fjárhagslegt sjálfstæði og valdheimildir til að fylgja eftirlitshlutverki sínu eftir. Varðandi Ísland er sérstaklega bent á að styrkja þurfi þessa tvo þætti hjá eftirlitsstofnuninni, þ.e. Póst- og fjarskiptastofnun.

Skýrslan var unnin af alþjóðlega rannsóknarfyrirtækinu Cullen International sem hluti af þriggja ára verkefni (2011 – 2013) sem fyrirtækið tók að sér fyrir ESB. Þessi skýrsla er önnur í röðinni af fjórum sem áætlað er að gefnar verði út á þeim þremur árum sem verkefnið stendur, þ.e. til 2013. Upplýsingum sem fram koma í skýrslu Cullen var safnað hér á landi með aðstoð ýmissa aðila, m.a. Póst- og fjarskiptastofnunar. Skýrsluna má nálgast á vef Cullen International. Þar er einnig að finna fyrri skýrsluna sem kom út haustið 2011.

Tafir á innleiðingu á nýju fjarskiptaregluverki ESB

Þrátt fyrir góða umsögn í skýrslu Cullen um stöðu Íslands og árangur okkar við að aðlaga regluverk og lög um fjarskipti að tilskipunum ESB hafa orðið ýmsar tafir á þessu hér á landi. Frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum í þeim tilgangi að innleiða fjarskiptaregluverk Evrópusambandsins frá 2009, þ.e. hefur legið því sem næst tilbúið í innanríkisráðuneytinu frá því sumarið 2011 þegar það var sett í opið samráðsferli við hagsmunaaðila. Þar er um að ræða tilskipanir nr. 136/2009/EB og 140/2009/EB, Tafir hafa hins vegar orðið á því að taka umræddar tilskipanir upp í EES-samninginn á vettvangi hinnar svo kölluðu sameiginlegu EES nefndar og hefur það sett strík í reikninginn varðandi innleiðingu á efni tilskipananna í íslenskan landsrétt.

Fyrirstaðan við upptöku tilskipananna tveggja mun helgast af því að þær gera ráð fyrir að jafnframt sé komið á fót evrópskri fjarskiptaeftirlitsstofnun, Body of European Regulators for Electronic Communications (BEREC), með sérstakri reglugerð þar að lútandi nr. 1211/2009/EB. Hlutverk þeirrar stofnunar er að hafa eftirlit með samræmdri framkvæmd á regluverkinu og hefur hún ýmsum verkefnum að gegna við ferli markaðsgreininga, sem unnar eru af fjarskiptaeftirlitsstofnunum innan aðildarríkja sambandsins, og gerð leiðbeininga um beitingu þeirra kvaða sem heimilt er að leggja á markaðsráðandi fjarskiptafyrirtæki í kjölfar markaðsgreininga. Eftir því sem Póst- og fjarskiptastofnun kemst næst hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ekki viljað ljá máls á því að að EES/EFTA ríkin fái fulla aðild að stofnuninni, án atkvæðaréttar, eins og tíðkast hefur til þessa um þátttöku þessara ríkja í starfsemi margra annarra sambærilegra stjórnsýslustofnana innan Evrópusambandsins. Þessi afstaða framkvæmdastjórnarinnar torveldar mjög að EES/EFTA ríkin geti tekið upp sameiginlegt regluverk, sem m.a. gerir ráð fyrir aðkomu BEREC að stjórnsýslulegu ferli tiltekinna verkefna sem eru á verksviði innlendra fjarskiptaeftirlitsstofnana.

Frestun á innleiðingu á umræddu fjarskiptaregluverki er bagaleg fyrir framþróun íslensks fjarskiptamarkaðar fyrir margra hluta sakir. Með nýju fjarskiptaregluverki Evrópusambandsins hefur orðið nokkur áherslubreyting.

Í stað þess að einblína á að reglusetja og móta markaðinn með tilliti til þess að virkja samkeppni, er í meira mæli horft til hlutverks stjórnvalda við að hvetja til og styðja við uppbyggingu á fjarskiptainnviðum, einkum næstu kynslóð aðgangsneta sem eru nauðsynleg til að ná þeim mikla gagnaflutningshraða sem nýjasta tækni býður upp á. Þegar horft er til þess markmiðs sem sett er í tólf ára fjarskiptaáætlun sem Alþingi samþykkti fyrir árin 2011-2022, um að stefna að því að 99% landsmanna eigi kost á 100 Mb/s tengingu árið 2022, er ljóst að talsverð uppbygging og fjárfesting í fjarskiptainnviðum þarf að eiga sér stað á næstu árum.

Nýtt fjarskiptaregluverk ESB styður við þessa þróun og þar má í þessu sambandi benda á eftirfarandi mikilvæg atriði:

Tíðnimál

Slakað er á formfestu og ríkisforræði varðandi meðferð tíðniréttinda. Stefnt skal að því að tíðnisvið séu opin og aðgengileg án sérstakra tíðniréttinda, ef slíkt er tæknilega mögulegt. Framsal tíðniheimilda verður leyfilegt, nema að mælt sé fyrir um annað, og gert ráð fyrir markaður geti skapast fyrir fjarskiptafyrirtæki að versla með tíðniréttindi til að mæta þörfum sínum hverju sinni til uppbyggingar á netum og/eða til að samnýta tíðnisvið með öðrum aðilum. Má ætla að aukið frjálsræði í þessum efnunum leiði til meira hagræðis við uppbyggingu og útbreiðslu á háhraða farnetsþjónustu.

Næsta kynslóð neta – aukin samnýting og gagnagrunnur um fjarskiptainnviði

Til að greiða fyrir uppbyggingu á ljósleiðurum og háhraða aðgangsneta skulu eftirlitsstjórnvöld gæta þess að viðhalda samkeppni, en um leið taka meira tillit til fjárfestingarhвата til uppbyggingu, þannig að netrekendur, sem lúta gjaldskráreftliti, geti fengið sanngjarnt endurgjald fyrir fyrir fjárfestinguna. Í þessu sambandi er líka lögð áhersla á frekari samnýtingu fjarskiptafyrirtækja á netum og aðstöðu með því að gera upplýsingar um slíka aðstöðu aðgengilega fyrir markaðsaðila, t.d. með gerð gagnagrunna um fjarskiptainnviði.

Alþjónusta

Gert er ráð fyrir því að ríki geti stuðlað að háhraðavæðingu gagnaflutningsþjónustu í gegnum alþjónustu, þar sem

ekki er lengur skilgreindur tiltekinn gagnaflutningshraði, heldur geti ríki ákveðið að miða hann við ráðandi tækni og þann hraða sem stendur meirihluta landsmanna til boða á markaðslegum forsendum. Áfram er gert ráð fyrir því að kvaðir um uppbyggingu alþjónustu á óarðbærum svæðum, sem leiði til ósanngjarnrar byrði fyrir alþjónustuveitandann, geti skapað forsendur fyrir fjárframlagi úr jöfnunarsjóði alþjónustu.

Reglur um ríkisstyrki

Með áherslu á aukinni aðkomu hins opinbera að uppbyggingu fjarskiptainnviða hefur skapast þörf á því að túlka reglur sambandsins um ríkisstyrki með tilliti til fjarskiptamarkaðarins. Af þessu tilefni hefur framkvæmdastjórn ESB gefið út leiðbeinandi reglur um framkvæmd ríkisstyrktarreglna á sviði fjarskipta, sem jafnframt hafa verið gefnar út á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA, EES-EFTA ríkjum til eftirbreytni. Samkvæmt leiðbeiningunum er m.a. gert ráð fyrir að eftirlitsstjórnvaldið gegni leiðbeinandi og ráðgefandi hlutverki um ýmis atriði varðandi framkvæmdir sem styrktar eru af opinberum aðilum, þ.m.t. sveitarfélögum.

Af framangreindu má sjá að einstaka þættir úr nýju fjarskiptaregluverki Evrópusambandsins eru hver um sig til þess fallnir að greiða fyrir uppbyggingu fjarskiptainnviða, en þegar allir þessir þættir koma saman má segja að búið sé að leggja markvissan og heildstæðan grundvöll varðandi þróun fjarskiptainnviða til næstu ára. Af þessum sökum telur Póst- og fjarskiptastofnun mikilvægt að sem fyrst náist samkomulag um að taka nýja fjarskiptaregluverkið upp í EES-samninginn og að því búnu að innleiða það í íslensk lög við fyrsta tækifæri.

Neytendur á fjarskiptamarkaði

Fjarskiptamarkaðurinn er flókinn og oft á tíðum ógagnsær fyrir neytendur. Þar hjálpast að hröð þróun tækninnar og margvíslegt og síbreytilegt framboð og samsetning fjarskiptatilboða fyrir almenning. Þetta endurspeglast vel þegar litið er til fjölda þeirra erinda og kvartana sem berast inn til Póst- og fjarskiptastofnunar frá neytendum vegna viðskipta þeirra við fjarskiptafyrirtæki. Slíkar kvartanir skipta hundruðum á ári hverju þó aðeins hluti þeirra endi

í formlegu kvörtunarferli. Erindi frá neytendum berast til stofnunarinnar með ýmsu móti, t.d. tölvupósti, símtölum og rafrænu kvörtunareyðublaði sem hægt er að senda beint af vef PFS. Umkvörtunarefnin eru margbreytileg, en algengastar eru þó kvartanir sem varða óumbeðin fjarskipti og ýmislegt varðandi reikninga til neytenda.

Upplýsingagiöf til neytenda og aðgerðir til að bæta hag þeirra er því eitt stærsta viðfangsefni þeirra sem vinna að stjórnsýslu og eftirliti á fjarskiptamarkaði. Á vef PFS, www.pfs.is er að finna sérstakan neytendahluta þar sem ýmsar upplýsingar um fjarskiptamarkaðinn eru miðaðar sérstaklega við neytendur. Stofnunin heldur einnig úti reiknivél um fjarskiptakostnað fyrir neytendur á slóðinni www.reiknivél.is. Þar er á einfaldan hátt hægt að bera saman verð á mismunandi þjónustuleiðum fjarskiptafyrirtækjanna miðað við eigin notkun og forsendur.

Lækkandi verð á reikþjónustu á EES svæðinu

Frá árinu 2007 hefur Evrópusambandið sett stíglækkandi hámark á þau verð sem fjarskiptafyrirtæki hafa getað krafist viðskiptavini sína um fyrir farsímanotkun og notkun 3G netlykla milli landa á svæðinu. Þessar reglugerðir ESB hafa verið innleiddar hér á landi í gegn um EES samninginn og var nýjasta reglugerðin innleidd í desember 2012 með reglugerð innanríkisráðherra nr. 1174/2012.

Meginmarkmið reglugerðarinnar er að halda áfram ferli lækkunar á verðum á reikisímtölum fyrir evrópska farsímnötendur, bæði með því að lækka heildsöluverð fyrir lúkningu símtala milli farsímafyrirtækja og með því að mæla fyrir um hámarksverð í smásölu gagnvart neytendum. Lækkunarferlið hófst með lækkun umræddra verða þann 1. júlí 2012, sem síðan lækka árlega við sama tímamark til 1. júlí 2014 og skulu þá standa óbreytt til ársins 2022, þó að teknu tilliti til mögulegra áhrifa af sérstöku endurskoðunarákvæði þar um.

Meðal nýmæla í reglugerðinni er að kveðið er á um samskonar verðþök fyrir gagnanotkun í farsímum og netlyklum, sem reiknað er fyrir hvert megabyte gagnaflutnings. Má því jafnframt búast við lækkunum á reikiverðum fyrir gagnaflutningsþjónustu í farsímanetum innan EES-svæðisins á komandi árum. Þar sem gjaldfærsla á gagnanotkun er talin vera tiltölulega ógagnsæ gagnvart notandanum þá er sú skylda einnig lögð á fjarskiptafyrirtæki að upplýsa notandann þegar gjöld fyrir reikþjónustu vegna gagnaflutnings hefur náð 50 evrum og loka fyrir aðganginn gefi notandinn ekki sérstakt samþykki fyrir áframhaldandi notkun. Þessi regla er sett til að koma í veg fyrir hina svokölluðu ofurreikninga (e. bill shock) sem dæmi eru um að grandalausir notendur hafi fengið fyrir mikla fjarskiptanotkun.

Þá mælir reglugerðin einnig fyrir um talsverðar breytingar á fyrirkomulagi heildsölumarkaðar fyrir reikþjónustu, en samkvæmt reglugerðinni verður farsímafyrirtækjum innan EES-svæðisins skylt að bjóða opinn heildsöluaðgang að reikþjónustu á fjarskiptanetum sínum. Fyrir markaðinn almennt og neytendur felur þetta í sér möguleika á aukinni samkeppni milli farsímafyrirtækja til að veita reikþjónustu á tilteknu neti. Þetta þýðir að farsímafyrirtæki eru ekki lengur bundin við að eiga viðskipti við viðkomandi netrekendur í sérhverju landi, heldur geta þau skipt við farsímafyrirtæki sem hafa samið um heildsöluaðgang til að veita reikþjónustu á viðkomandi netum, eða þau geta sjálf óskað eftir slíkum aðgangi til hagsbóta fyrir sína viðskiptavini. Má ætla að þetta muni almennt auka samkeppni milli farsímafyrirtækja innan EES-svæðisins og gera farsímamarkaðinn heildstæðari og einsleitari en hann hefur verið.

FJARSKIPTATÆKNI Í HRAÐRI ÞRÓUN

Breytingar á tíðniskipulagi

Samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 81/2003, hefur PFS það hlutverk að annast skipulag tíðnirófsins þannig að hagnýting þess í þágu fjarskipta sé skilvirk, hagkvæm og truflanalaus.

Í lok ársins 2011 birti stofnunin niðurstöður sínar að loknu samráði um tíðniskipulag. Ákveðið var að stærsti hluti tíðnisviðsins 790 – 862 MHz verði notað í framtíðinni fyrir háhraða farnetsþjónustu. Tíðnisviðið var áður notað fyrir hliðræna sjónvarpssenda og jafnframt voru veitt leyfi fyrir notkun þráðlausra hljóðnema á þessu tíðnisviði, en ávallt á viðjandi forsendum. Eftir samráð við hagsmunaaðila um breytingu á tíðnisviðum fyrir þráðlaus hljóðnema var ákveðið að þeir aðilar sem höfðu haft heimildir til notkunar á þráðlausum hljóðnema á þessu tíðnisviði þyrftu að flytja sig á önnur tíðnisvið fyrir 31. desember 2012.

Þessi breyting var gerð í samræmi við þróunina í nágrennalöndum okkar, en notkun umrædds tíðnisviðs er að breytast um alla Evrópu úr því að notast fyrir sjónvarpsþjónustu yfir í háhraða farnetsþjónustur.

Undirbúningur tíðniúthlutana fyrir 4G tækni

Í desember 2012 birti Póst- og fjarskiptastofnun auglýsingu um uppboð á tíðniheimildum fyrir háhraða farnetsþjónustu (4G þjónustu) sem haldið skyldi í febrúar 2013. Ákveðið var að nota rafrænt uppboð við tíðniúthlutanirnar, en sú aðferð hefur verið ráðandi víðast erlendis undanfarin ár.

Auglýsingin var birt að loknu samráði við hagsmunaaðila um drög að skilmálum vegna uppboðsins. Nokkrar athugasemdir bárust og sneru þær veigamestu að þeim útbreiðslu- og uppbyggingarkröfum sem settar voru fram í drögum að skilmálunum. Þá voru jafnframt gerðar athugasemdir er lutu að því hámarki tíðniréttinda sem aðili

getur öðlast samtals á grundvelli uppboðsins, bæði á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðinu. Fór stofnunin yfir drögin með tilliti til þeirra athugasemda sem bárust og gerði nokkrar breytingar á skilmálunum í framhaldi af því.

Net- og upplýsingaöryggi í forgrunni

Net- og upplýsingaöryggi er eitt af megin viðfangsefnum Póst- og fjarskiptastofnunar og verður stöðugt stærri þáttur í starfseminni. Þar ber hæst starfrækslu netöryggisveitar PFS, CERT-IS, en starfsemi hennar snýr að ómissandi upplýsingainnviðum landsins og rekstraraðilum fjarskiptaneta. Bein þjónusta PFS við almenning um netöryggi felst fyrst og fremst í upplýsingagjöf og stuðlar stofnunin að bættri vitund um net- og upplýsingaöryggi, m.a. með því að halda úti leiðbeiningavefnum www.netöryggi.is. Þar er að finna hagnýtar upplýsingar fyrir almenning og minni fyrirtæki um hvernig hægt er að stuðla að eigin öryggi á netinu. PFS er í samstarfi við aðra aðila innanlands sem vinna að net- og upplýsingaöryggi. Fulltrúi stofnunarinnar situr í stýrihópi SAFT verkefnisins hjá Heimili og skóla og stofnunin kemur að hjálparvefnum www.netsvar.is ásamt SAFT/Heimili og skóla og samtökunum Barnaheill. Á þeim vef er hægt að finna - og/eða senda inn - spurningar varðandi örugga netnotkun og fá svör við þeim, ekki síst hvað varðar börn og unglínga.

Eitt mikilvægasta hlutverk PFS felst í að stuðla að rekstraröryggi fjarskiptaneta, þ.m.t. tengingum til útlanda. Að öryggiskröfur séu skilgreindar og virkt eftirlit haft með því að aðgengi að fjarskiptum sé ávallt a.m.k. jafn gott og skilgreindar lágmarkskröfur. Á árinu 2012 var hafist handa við uppbyggingu gagnagrunns fjarskiptainnviða sem mun nýtast stofnuninni til að tryggja aukin gæði, öryggi og aðgengi að fjarskiptum í framtíðinni. Einnig var hafin kortlagning á stöðu fjarskipta með mælingum á dreifikerfum um allt land, hvort sem um er að ræða farsíma- og farnetsþjónustu eða útvarp. Báðum þessum verkefnum verður haldið áfram á árinu 2013.

CERT-ÍS – Netöryggissveit PFS

Í júní 2012 voru samþykktar breytingar á fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun þar sem sett var lagaumgjörð utan um starfsemi netöryggissveitar Póst- og fjarskiptastofnunar (CERT-ÍS) með lögum nr. 62/2012. Tilgangurinn með stofnun CERT-ÍS er er að fyrirbyggja og draga úr hættu á netárásam og öðrum öryggisatvikum í netumdæmi sveitarinnar og sporna við og lágmarka tjón af þeim sökum á ómissandi upplýsingainnviði samfélagsins. Ómissandi upplýsingainnviðir (CIIP – Critical Information Infrastructure) eru þau kerfi sem tryggja eiga þjóðaröryggi, almannaeill og margs konar öflun aðfanga sem nauðsynleg eru í nútíma samfélagi og verða þau kerfi sem teljast til ómissandi upplýsingainnviða nánar skilgreind af ríkislögreglustjóra.


Starf CERT-ÍS felst m.a. í því að samstillta aðgerðir rekstraraðila þeirra ómissandi upplýsingainnviða sem falla innan svokallaðs netumdæmis hópsins og veita stuðning gegn aðsteðjandi öryggisatvikum. CERT-ÍS veitir þessum aðilum ráðgjöf um viðbúnað og hvernig beri að bregðast við. Hópurinn kemur viðeigandi upplýsingum um öryggisatvik og viðbrögð á framfæri við almenning ef þurfa þykir.

Netöryggissveitinni er ætlað að vera tengiliður og samræmingaraðili í samstarfi við erlenda CERT netöryggishópa, en eftir því sem netárásir í heiminum verða umfangsmeiri og viðtækari verður alþjóðleg samvinna mikilvægari til að hægt sé að bregðast við og verjast truflunum og tjóni sem slíkar árásir geta valdið. Netöryggissveit PFS, CERT-ÍS heldur úti eigin vefsíðu, www.cert.is.

Samevrópsk æfing netöryggishópa

Í október 2012 var haldin samevrópsk æfing í samhæfingu aðgerða gegn alvarlegum og útbreiddum netárásam í Evrópu. Æfingin var skipulögð af Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu, ENISA, og var henni fyrst og fremst ætlað að koma á og prófa samskipti og samvinnu viðbragðsaðila milli landa og innan hvers lands, við þær aðstæður sem geta skapast þegar um alvarlegar og umfangsmiklar netárásir er að ræða. Í æfingunni voru sviðsettar viðtækar og útbreiddar netárásir víða í álfunni. Öll lönd Evrópusambandsins og EFTA löndin (Ísland, Noregur, Lichtenstein og Sviss) tóku þátt í æfingunni með einum eða öðrum hætti.

Netöryggissveit PFS, CERT-ÍS, skipulagði framkvæmd æfingarinnar hérlandis og tók þátt í henni fyrir Íslands hönd ásamt fyrirtækjum úr einkageiranum. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingar taka virkan þátt í slíkri æfingu en árið 2010 fyrsta samevrópska æfingin gegn netárásam haldin. Þetta var einnig í fyrsta sinn sem bæði opinberir aðilar og aðilar úr einkageiranum tóku sameiginlega þátt í æfingu af þessu tagi.



Skráð fjarskiptafyrirtæki í lok árs 2012

Nafn	Útgefið / skráð	Tegund starfsemi
Advania hf.	17.4.2002	Gagnaflutningsþjónusta
Alterna Tel ehf.	8.1.2010	Talsíma-, farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
A.T.C. Avant Telecom Consulting AG	29.4.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Ábótinn ehf.	28.3.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Backbone ehf.	25.8.2010	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Bloomberg Finance L.P.	19.7.2007	Leigulínubjónusta og almennt fjarskiptanet
Brimrún ehf.	3.4.2008	Gagnaflutningsþjónustu um gervitungl
Colt Lux Group Holding S.a.r.l.	9.12.2011	Gagnaflutningsþjónusta
Datacell ehf.	25.8.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Davið og Góliat ehf.	3.5.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
DCN Hub ehf.	10.12.2012	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
DVD-Margmiðlun ehf.	6.2.2004	Rekstur breiðbandskerfis fyrir útvarpsdreifingu
Emarald Atlantis ehf.	29.6.2011	Sæstrengur og gagnaflutningsþjónusta
Equant á Íslandi ehf.	7.7.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Farice ehf.	2.9.2003	Sæstrengur
Fjarskipti ehf.	27.3.2007	Fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet/TETRA
Fjölnet ehf.	26.10.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Fónn ehf.	26.5.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Gagnaveitan ehf.	8.6.2011	Fjarskiptaþjónusta
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	23.3.2007	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Gagnaveita Skagafjarðar ehf.	30.11.2006	Gagnaflutningsþjónusta
GlobalCall ehf.	4.9.2008	Talsímaþjónusta
Gullskógar ehf.	5.2.2010	Talsímaþjónusta
Hátíðni hf.	24.1.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Hringdu ehf.	9.11.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Hringiðan ehf./Vortex Inc.	3.12.1998	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Hringtorg ehf.	5.11.2012	Fjarskiptaþjónusta
IceCell ehf.	28.6.2007	DCS 1800 farsímaþjónusta og VOIP þjónusta
iCell ehf.	25.8.2010	GSM, talsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta o.fl.
IMC Ísland ehf.	27.6.2000	DCS 1800 farsímaþjónusta
Internet á Íslandi hf.	3.2.1998	Fjarskiptanet, talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
IP fjarskipti ehf. (TAL)	15.9.2004	Talsíma-, farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Irja ehf.	3.5.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Isavia ehf.	30.12.2010	Talþjónusta við flugvélar
Já upplýsingaveitur ehf.	21.11.2007	Útg. síma- og vistfangaskrár. Símauppl.þjónusta
Kapalkefni ehf.	14.5.2004	Rekstur kapalkefis
Kukl ehf.	20.3.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet

Nafn	Útgefið / skráð	Tegund starfsemi
Kviaholt ehf.	20.2.2012	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Lancelot BV	20.2.2012	Farsímanet- og þjónusta
Landhelgisgæsla Íslands	1.1.2011	Rekstur og útleiga NATO ljósleiðarastrengs
Ljós og gagnaleiðari ehf.	10.8.2009	Gagnaflutningsnet
Magnavík ehf.	1.4.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Martölvan ehf.	26.11.2007	Talsíma, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Material ehf.	6.10.2008	Gagnaflutningsþjónusta
Míla ehf.	4.4.2007	Fjarskiptanet
Nepal hugbúnaður	21.2.2005	Gagnaflutningsþjónusta og þráðlaust fjarskiptanet
Netsamskipti ehf.	4.12.2002	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Neyðarlínan hf.	6.10.1999	Talsímaþjónusta/neyðarsímsvörin
Nova ehf.	12.7.2006	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
NyX ehf.	5.11.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Nýherji hf.	12.12.2011	Gagnaflutningsþjónusta
OnAir S.A.R.L.	29.4.2008	Farsímaþjónusta um borð í flugvélum (MCA)
Opin kerfi ehf.	25.2.2011	Gagnaflutningsþjónusta
Orkufjarskipti hf.	26.10.2001	Fjarskiptanet
Packet ehf.	11.2.2011	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Radíó ehf. - Íslensk fjarskipti	22.8.2006	Fjarskiptaþjónusta
Ríkisútvarpið ohf.	29.7.1997	Fjarskiptaþjónusta: Hljóðvarp og sjónvarp
Símafélagið ehf.	15.10.2008	Talsímaþjónusta og fjarskiptanet
Síminn hf.	30.7.1998	Talsímaþjónusta, GSM, gagnaflutningsnet o.fl.
Sjónvarpsmiðstöðin ehf.	8.10.2009	Gagnaflutningsþjónusta
Snerpa ehf.	17.8.2000	Fjarskiptanet/ tal- og gagnaflutningsþjónusta
Softverk ehf.	20.3.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Stykkishólmsbær	2.5.2002	Gagnaflutningsnet
Svar tækni ehf.	21.12.2007	Fjarskiptaþjónusta
TELE Greenland A/S	24.6.2008	Sæstrengur
Tengir ehf.	20.9.2002	Ljósleiðaranet
TSC ehf.	18.1.2002	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Tæknimiðlun ehf.	27.8.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands ehf.	29.3.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Tölvun ehf.	25.4.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Tölvustof ehf.	15.4.2009	Gagnaflutningsþjónusta
Þekking - Tristan hf.	16.1.2004	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Örugga símafélagið ehf.	13.12.2010	Talsímaþjónusta og fjarskiptanet
Öryggisfjarskipti ehf.	6.10.2008	Fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet/TETRA

PÓSTMÁL

Á árinu 2012 samþykkti Póst- og fjarskiptastofnun viðamiklar breytingar á gjaldskrá Íslandspósts innan einkaréttar. Með breytingunum var verðskráin lögð að raunkostnaði fyrirtækisins af einstökum þjónustuleiðum. Helstu breytingar voru þær að almenningur getur nú valið um að senda A póst, sem dreift er daginn eftir móttöku eða B póst sem dreift er innan 3ja daga frá póstlagningu. Fyrirkomulag af þessu tagi, þ.e. að hægt sé að kaupa mismunandi þjónustustig, hefur verið við lýði í flestum nágrannalöndum okkar um nokkurt skeið.


Samhliða voru gerðar breytingar á gjaldskrá fyrir þá aðila sem senda póst í miklu magni. Sett voru 2 grunnverð eftir því hvaða þjónusta keypt er hverju sinni, þ.e. A þjónusta eða B þjónusta. Einnig var afsláttarfyrirkomulagi Íslandspósts breytt og það lagað að sparnaði fyrirtækisins af þessum viðskiptum í samræmi við lög þar um.

Samhliða því sem að ofan er nefnt var áfram unnið að úttekt stofnunarinnar á bókhaldslegum aðskilnaði Íslandspósts og er fyrirhugað að fyrsta áfanga þess verks verði lokið á árinu 2013.

Fækkun bréfasendinga innan einkaréttar

Fækkun bréfa innan einkaréttar (0-50 g.) hélt áfram á árinu. Á súluritinu hér að neðan sést sú fækkun sem orðið hefur á síðustu átta árum, úr tæplega 52 milljónum bréfa árið 2005 í rúmar 32 milljónir árið 2012. Gert er ráð fyrir því að fækkunin haldi enn áfram og að bréfasendingar innan einkaréttar verði komnar niður í tæplega 31 milljón bréfa á árinu 2013.

Með minnkandi magni hefðbundinna bréfasendinga hefur hagræðing í rekstri Íslandspósts með fækkun og sameiningu póstafréiðslna var áberandi þáttur í þróun póstmála undanfarin ár. Þessi þróun hélt áfram á árinu 2012 og af níu ákvörðunum PFS um póstmál fjölluðu sex ákvarðanir um heimild til að loka eða sameina póstafréiðslur Íslandspósts. Í stað hefðbundins afgreiðslustaðar er yfirleitt gert ráð fyrir að notendur geti hringt í landpóstinn og pantað þá þjónustu sem verið er að sækjast eftir hverju sinni. Áfram hefur þó verið hægt að koma almennum bréfum til skila sem bera með sér að burðargjöld hafi verið greidd. En aðgangur að póstkassa er hluti af skilgreiningu á hugtakinu afgreiðslustað samkvæmt lögum um pósthjónustu.



Ákvarðanir PFS varðandi póstmál á árinu

Krafa Íslandspósts um nafnmerkingu bréfabakka

Ákvörðun nr. 1/2012

PFS komst að þeirri niðurstöðu að Íslandspóstur hafi heimild til að endursenda póst vegna skorts á merkingu bréfabakka, en með ákveðnum skilyrðum þó.

Sameining póstaðgreiðslna Íslandspósts

Ákvörðun nr. 8/2012

PFS samþykkti beiðni Íslandspósts um að sameina póstaðgreiðsluna í Mjódd við póstaðgreiðslu fyrirtækisins í Kópavogi.

Breytingar á gjaldskrá Íslandspósts innan einkaréttar, afsláttarfyriðkomulagi og viðskiptaskilmálum

Ákvörðun nr. 16/2012

Með ákvörðuninni samþykkti PFS nýja verðskrá Íslandspósts innan einkaréttar. Auk þess hafði stofnunin yfirfarið forsendur Íslandspósts varðandi afsláttarfyriðkomulag fyrir svokallaðan magnpóst. Þessu tengt var lagt fyrir Íslandspóst að gera tiltekna breytingar á viðskiptaskilmálum félagsins vegna umræddra breytinga.

Lokun póstaðgreiðslu Íslandspósts

Ákvörðun nr. 17/2012

Íslandspósti heimilað að loka póstaðgreiðslu sinni að Laugarvatni (póstnr. 840).

Lokun póstaðgreiðslu Íslandspósts

Ákvörðun nr. 18/2012

Íslandspósti heimilað að loka póstaðgreiðslu sinni í Mjóafirði (póstnr. 715).

Sameining póstaðgreiðslna í Grafarvogi og Árbæ

Ákvörðun nr. 24/2012

Íslandspósti heimilað að loka póstaðgreiðslum fyrirtækisins í Árbæ (póstnr. 110/113) og Grafarvogi (póstnr. 112), og opna í stað þeirra nýja póstaðgreiðslu að Höfðabakka 9.

Lokun póstaðgreiðslu Íslandspósts

Ákvörðun nr. 30/2012

Íslandspósti heimilað að loka póstaðgreiðslu fyrirtækisins á Flateyri (póstnr. 425)

Lokun póstaðgreiðslu Íslandspósts

Ákvörðun nr. 31/2012

Íslandspósti heimilað að loka póstaðgreiðslu fyrirtækisins á Bíldudal (póstnr. 465)

Um ágreining í kjölfar ógildingar á skilmála í gjaldskrá Íslandspósts

Ákvörðun nr. 34/2012

Í málinu var tekist á um það á milli Íslandspósts og Póstmarkaðarins hvaða skilmálar og gjaldskrá væru í gildi í kjölfarið á ógildingu úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála á ákvörðun PFS nr. 36/2010.

Úrskurðir úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála um póst

Úrskurður nr. 5/2012 - Póstmarkaðurinn ehf., Íslandspóstur ohf. og Póstdreifing ehf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun


Ofangreind fyrirtæki kærðu ákvörðun PFS nr. 16/2012 þar sem samþykkt var ný verðskrá Íslandspósts innan einkaréttar. Auk þess hafði stofnunin yfirfarið forsendur Íslandspósts varðandi afsláttarfyriðkomulag fyrir svokallaðan magnpóst. Þessu tengt var lagt fyrir Íslandspóst að gera tiltekna breytingar á viðskiptaskilmálum félagsins vegna umræddra breytinga.

Með úrskurði sínum staðfesti úrskurðarnefnd forsendur PFS í hinni kærðu ákvörðun, aðrar en þær sem vörðuðu afslátt á grundvelli heildarviðskipta yfir ákveðið tímabil. Einnig felldi nefndin úr gildi skilmála sem heimilaði 2% frávik frá því að ekki mætti blanda saman pósti til útlanda við innanlandspóst.

Nr. 3/2012 - Kristinn Snæland og íbúðasamtökin Betra Breiðholt o.fl. gegn Póst- og fjarskiptastofnun

Kærð var ákvörðun PFS nr. 8/2012 þar sem samþykkt var beiðni Íslandspósts um að sameina póstaðgreiðsluna í Mjódd við póstaðgreiðslu fyrirtækisins í Kópavogi. Með úrskurði sínum staðfesti úrskurðarnefnd ákvörðun PFS.

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN ÁRIÐ 2012



Forstjóri Póst og fjarskiptastofnunar er Hrafnkell V. Gíslason

Framkvæmdastjórn er skipuð forstjóra og forstöðumönnum deilda.

Greiningardeild ber ábyrgð á markaðsgreiningu og álagningu og eftirfylgni fjárhagslegra kvaða í framhaldi af því. Deildin sinnir almennri hagfræðilegri greiningu á verkswiði PFS, safnar upplýsingum um verðlagningu og tölfraði og er ábyrg fyrir úrvinnslu og birtingu gagna. Greiningardeild hefur einnig umsjón með rekstri vefsins Reiknivél PFS um fjarskiptakostnað fyrir neytendur. Starfsmenn á árinu 2012 voru Óskar Þórðarson forstöðumaður og sérfræðingarnir Guðmann Bragi Birgisson, Hulda Ástþórsdóttir, Ragnar Kristinsson og Snorri Þór Daðason.

Lögfræðideild ber ábyrgð á vinnslu stjórnsýsluerinda, lausn deilumála, álagningu og eftirfylgni kvaða sem ekki eru fjárhagslegar, alþjónustu og neytendamálum. Jafnframt sér deildin um formleg alþjóðleg samskipti. Starfsmenn á árinu 2012 voru Björn Geirsson forstöðumaður sem einnig gegnir hlutverki staðgengils forstjóra þegar við á, Ari Jóhannsson sérfræðingur og lögfræðingarnir Friðrik Pétursson, Guðmunda Á. Geirsdóttir, Óskar Hafliði Ragnarsson og Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir.

Tæknideild sér um skipulag og stjórnun tíðnimála og sinnir eftirliti með notkun ljósvakans. Hún hefur markaðseftirlit með fjarskiptatækjum, sinnir net- og upplýsingaöryggi og sér um skoðun radíóbúnaðar um borð í skipum. Tæknideild er einnig öðrum deildum til ráðgjafar varðandi tæknileg álitamál sem geta haft áhrif á eftirlitshlutverk stofnunarinnar. Starfsmenn á árinu 2012 voru Þorleifur Jónasson forstöðumaður, Bjarni

Sigurðsson sérfræðingur á sviði númeramála, tíðnimála og uppbyggingar og virkni fjarskiptaneta, Hafþór Óskarsson sérfræðingur um net- og upplýsingaöryggi, Hörður R. Harðarson sérfræðingur um tíðnimál, Jósef Kristjánsson kerfisstjóri og skipaskoðunarmaður og Óskar Sæmundsson skipaskoðunarmaður. Starfsmenn netöryggissveitarinnar CERT-IS sem heyrir undir tæknideild voru Stefán Snorri Stefánsson, hópstjóri CERT-IS og sérfræðingarnir Kjartan T. Hjörvar og Sindri Bjarnason.

Rekstrardeild sér um rekstrarmál, upplýsingakerfi, mannauðsmál, gæðamál og kynningarmál og styður allt innra starf stofnunarinnar. Starfsmenn á árinu 2012 voru Jóhanna Harpa Árnadóttir forstöðumaður, Anna Dóra Guðmundsdóttir mannauðs- og gæðastjóri, Anna Margrét Sigurðardóttir kynningarfulltrúi, Erla Linda Benediktsdóttir móttökuritari og Ingibjörg Sivertsen bókarari. Auk þess var Sigrún Davíðs skjalastjóri ráðin í tímabundið verkefni við stofnunina.

ÁKVARÐANIR OG ÚRSKURÐIR

Ákvarðanir PFS

Nafnmerking bréfabakka

Ákvörðun nr. 1/2012

PFS komst að þeirri niðurstöðu að Íslandspóstur hafi heimild til að endursenda póst vegna skorts á merkingu bréfabakka, en með ákveðnum skilyrðum þó.

Úttekt á samskiptum heildsölu og smásölu Símans vegna meðferðar á trúnaðarupplýsingum

Ákvörðun nr. 2/2012

Að lokinni úttekt komst PFS að þeirri niðurstöðu að tiltekna öryggisráðstafanir Símans í tengslum við gagnagrunn Símans um fjarskiptaumferð væru ófullnægjandi. Um var að ræða svokallaðan CDR - gagnagrunn (e. Call Detail Record). Í ákvörðuninni fyrirskipaði stofnunin úrbætur í 18 liðum og skyldi innleiðingu úrbótanna að fullu lokið eigi síðar en 31. desember 2012, auk þess sem a.m.k. helmingi þeirra skyldi lokið um mitt það ár.

Einnig taldi PFS mikilvægt að Síminn tæki öryggisskipulag sitt til reglubundinnar endurskoðunar og hefði fyllsta samstarf við stofnunina um að stuðla að því að öryggisskipulagið uppfylli á hverjum tíma þær kröfur sem settar eru í reglum PFS nr. 1221/2007 um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum.

Útnefning fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagning kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7)

Ákvörðun nr. 3/2012

Kveðið á um að jafna og lækka hámarks lúkningarverð, þ.e. það verð sem farsímafyrirtæki tekur fyrir að ljúka símtali í sínu kerfi sem hefst í öðru kerfi. Frá og með 1. janúar 2013 skuli verðið vera 4 kr./mín. hjá öllum íslenskum farsímarekendum, þ.e. Símanum, Vodafone, Nova, IMC/Alterna og Tali. Sá fyrirvari var þó gerður að fjárhæðin gæti breyst fyrir þann tíma, þar sem PFS myndi, fyrir 1. nóvember 2012, taka ákvörðun um ný hámarks-lúkningarverð sem byggjast myndu á samanburði við slík verð á EES-svæðinu í samræmi við aðferðarfræði sem nánar er lýst í ákvörðuninni.

Kvörtunarmál vegna óumbeðinna fjarskipta

Ákvörðun nr. 4/2012

Viðskiptavinur Símans sem var með bannmerkingu í símaskrá, taldi símtal frá starfsmanni Símans til að fylgja eftir bréfi um lokun breiðbandsþjónustu vera lið í markaðssetningu fyrirtækisins og teldist það því ólögleg fjarskipti. Vildi kvartandi meina að í upphafi hefði verið um upplýsingasamtal að ræða sem síðan hefði orðið að sölusamtali. Ekki var til upptaka af samtalinu og því taldi stofnunin sig ekki geta tekið afstöðu til þess hvort ákvæði 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga um óumbeðin fjarskipti ættu við í þessu tilfelli.

Niðurstaða PFS var að sú framkvæmd Símans hf., að hringja út í viðtakendur sérstaks upplýsingabréfs um lokun breiðbandsins telst ekki vera liður í markaðssetningu í skilningi 5. mgr. 46. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti.

Meðferð öryggisatviks hjá Símanum

Ákvörðun nr. 5/2012

Með ákvörðun sinni komst Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) að þeirri niðurstöðu að Síminn hafi brotið gegn fjarskiptalögum með því að taka ekki til rannsóknar ábendingu frá notanda um hugsanlega ólögmaeta hlerun fjarskipta fyrr en um ári eftir að hún barst féluginu. Hafi það falið í sér ámalisvert athafnaleysi. Eftir að rannsókn innan fyrirtækisins leiddi í ljós að starfsmaður þess hafði með ólögmaetum hætti kynnt sér upplýsingar um símnötun notandans hafi Síminn brotið gegn sama ákvæði í fjarskiptalögum og reglum nr. 1221/2007, um vernd upplýsinga á almennum fjarskiptanetum, þar sem umræddum notanda var ekki tilkynnt um að fjarskiptaleynd hafði verið rofin gagnvart honum.

Í kjölfar þessarar ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar stefndi Síminn stofnuninni og umræddum viðskiptavini sínum fyrir dómstóla og krafðist ógildingar á ákvörðun stofnunarinnar. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóm í málinu í mars 2013 þar sem ákvörðun PFS var staðfest.

Kvörtunarmál vegna óumbeðinna fjarskipta

Ákvörðun nr. 6/2012

PFS bárust í tvígang kvartanir frá sama notanda vegna þess að fyrirtækið Allra Ráðgjöf ehf. hafði hringt í símanúmer hans í markaðslegum tilgangi, þrátt fyrir að númerið hafi verið bannmerkt í símaskrá. Lét fyrirtækið hjá líða að svara fyrir málið og koma á framfæri skýringum sínum. Niðurstaða PFS var því að Allra Ráðgjöf ehf. hafi brotið gegn 5. mgr. 46. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 með því að hringja í bannmerkt símanúmer kvartanda.

Gildistaka kostnaðargreindra verða

Ákvörðun nr. 7/2012

Málið varðaði ágreining Símans og Vodafone um uppgjör samtengireikninga, þ.e. tímasetningu á gildistöku kostnaðargreindra verða. Niðurstaða PFS var sú að verð Vodafone skyldi taka gildi á sama tíma og breytt verðskrá Símans.

Sameining póstaðgreiðslna Íslandspósts**Ákvörðun nr. 8/2012**

PFS samþykkti beiðni Íslandspósts um að sameina póstaðgreiðsluna í Mjódd við póstaðgreiðslu fyrirtækisins í Kópavogi.

Ágreiningur um umsýslugjald vegna númera- og þjónustuf lutnings**Ákvörðun nr. 9/2012**

Hringdu ehf. óskaði eftir því að PFS framkvæmdi kostnaðargreiningu á númeraflutningum á Íslandi og bannaði fjarskiptafélögum að rukka fyrir staka númeraflutninga, enda fæli sú aðgerð í sér aðgangshindrun inn á markaðinn, auk þess sem að númeraflutningar hefðu ekki beinan kostnað í för með sér. Einnig óskaði Hringdu eftir því að PFS heimilaði fyrirtækinu að innheimta endurgreiðslu frá fjarskiptafyrirtækjunum fyrir umskráningu.

PFS taldi að fyrirbyggjandi gögn málsins gætu ekki verið grundvöllur breytinga á gjaldskrá viðkomandi félaga þar sem samræma þyrfti forsendur og framkvæmd kostnaðargreininga svo að PFS væri kleift að leggja mat á kostnað við númerflutninga á Íslandi. PFS hygðist hins vegar beita sér fyrir því að gjaldtaka fyrir númeraflutning milli fjarskiptafyrirtækja verði kostnaðargreind á næstu misserum með samræmdum hætti. PFS taldi enn fremur að umsýslugjald vegna númera- og þjónustuf lutninga fæli ekki í sér aðgangshindrun á markaði né sé það til þess fallið að hindra notendur í að nýta sér númera- og þjónustuf lutning. Var kröfu Hringdu um endurgreiðslu á umsýslugjöldum vegna númera- og þjónustuf lutnings vísað frá, auk þess sem PFS taldi Hringdu óheimilt að neita fjarskiptafyrirtækjum um greiðslu umsýslukostnaðar. PFS féllst hins vegar á þá kröfu Hringdu að fjarskiptafyrirtæki skuli birta gjaldskrá vegna númera- og þjónustuf lutnings, ef gjaldið er lagt á áskrifanda með beinum hætti.

Kvörtunarmál vegna útgáfu símaskrár**Ákvörðun 10/2012**

Þjóðleikhúsið kvartaði til PFS vegna þeirrar ákvörðunar Já upplýsingaveitna ehf. (Já) að fela Leikfélagi Reykjavíkur (Borgarleikhúsinu) efnistöð í símaskrá og vinnu við myndskreytingar ásamt því að vera nefnt sem samstarfsaðili um útgáfu símaskrár. Taldi Þjóðleikhúsið m.a. markaðslegt ranglæti felast í að Borgarleikhúsinu væri veittur þessi aðgangur að símaskránni og eðlilegt væri að tekið yrði til skoðunar hvort regluverk og lög stæðust í öllum tilfellum. T.d. vildi kvartandi fá skorið úr um hvort Já geti talist fjarskiptafyrirtæki í skilningi laga nr. 81/2003 um fjarskipti og falli undir skilgreiningu þeirra um að teljast fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Í kvörtuninni var þess krafist að umrætt samkomulag milli Já og Borgarleikhússins yrði afturkallað.

PFS komst að þeirri niðurstöðu að Já teldist vera fjarskiptafyrirtæki í skilningi laga um fjarskipti nr. 81/2003 og hafnaði kröfu Þjóðleikhússins um ógildingu og afturköllun á ákvörðun PFS nr. 22/2011 um útnefningu Já upplýsingaveitna með alþjónustuskýldur. Enn fremur vísaði PFS frá kröfu Þjóðleikhússins um að ógilda samkomulag milli Já og Borgarleikhússins í tengslum við útgáfu símaskrár.

Niðurfelling kvaða á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15)**Ákvörðun nr. 11/2012**

Með ákvörðun árið 2007 var Síminn útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum og viðeigandi kvaðir lagðar á félagið, m.a. um að veita aðgang að farsímakerfi sínu.

Að lokinni annarri umferð greiningar á þessum markaði var það niðurstaða PFS að umræddur markaður stefndi í átt að virkri samkeppni og því væru ekki efni til að viðhalda útnefningu Símans sem fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. Kvöðum á Símann var því aflétt á tilteknum aðlögunartíma.

Kvörtunarmál um heilsufarslega skaðleg áhrif rafsegulgeislunar frá fjarskiptasendibúnaði**Ákvörðun nr. 12/2012**

Kvartað var til stofnunarinnar vegna fjarskiptabúnaðs radióáhugamanns í nágrenni kvartanda sem taldi að rafsegulgeislun frá búnaðinum hefði spillandi áhrif á bæði andlegt og líkamlegt heilsufar hans. Gerði kvartandi þá kröfu að slökkt yrði á búnaðinum og frekari notkun hans bönnuð af hálfu PFS.

PFS hefur hlutverki að gegna ef upp koma tilvik um rafsegulmengun. Er stofnuninni þá heimilt að takmarka útgeislað afl sendis. Þessari heimild verður þó ekki beitt nema að uppfylltu því skilyrði að sýnt þyki að heilsu manna geti stafað hættu af geisluninni. Það er ekki á færi Póst- og fjarskiptastofnunar að ákveða slík heilsuverndarmörk og meta hvort umhverfi og aðstæður séu með þeim hætti að mönnum sé hættu búin hvað þetta varðar. Við slíka ákvörðun verður að byggja á sérfræðilegu mati Geislavarna ríkisins sem í þessu tilviki sýndi að rafsegulgeislun inni á heimili kvartanda og í nánasta umhverfi við það væri fyrir innan viðmiðunarmörk Alþjóðaráðsins um varnir gegn ójónandi geislun, ICNIRP, sem ákveðin eru með tilliti þeirra skaðlegra áhrifa sem of mikil geislun kann að hafa á heilsu manna. Reyndust mælingar í flestum tilvikum vera langt fyrir innan umrædd mörk. Er það mat ICNIRP að engar vísindalegar sannanir liggi fyrir um að rafsegulgeislun innan þessara viðmiðunarmarkna geti haft skaðleg áhrif á heilsu manna.

Sjálfstæðar mælingar sem PFS framkvæmdi voru í samræmi við niðurstöðu Geislavarna ríkisins.

PFS taldi því ekki vera forsendur til þess að fallast á kröfu kvartanda um að notkun fjarskiptasendibúnaðar radióáhugamannsins verði bönnuð. Þá væru heldur ekki forsendur til þess að stofnunin dragi úr leyfilegum sendistyrk sendibúnaðarins eða mæli fyrir um breytta stefnuvirkni loftnetsins.

Brot Símans á jafnræðiskvöð á markaði fyrir lúkningu símtala í farsímaneti félagsins og hlutdeild smásölu Símans í heildsölutekjum

Ákvörðun nr. 13/2012

Í ákvörðun sinni komst PFS að þeirri niðurstöðu að Síminn hafi brotið gegn jafnræðiskvöð á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í farsímanetum.

Með ákvörðun nr. 18/2010 lagði PFS jafnræðiskvöð á Símann á framangreindum markaði þar sem félaginu var gert óheimilt að mismuna fyrirtækjum varðandi innheimtu lúkningargjalda. Sama ár gerðu Síminn og Tal með sér sýndarnettssamning sem fól í sér að Tal, sem þá hafði komið sér upp eigin símsstöð, fékk aðgang að farsímasendum Símans og gat því hafið innheimtu gjalda vegna lúkningar símtala í sýndarneti sínu sem áttu sér upphaf í kerfum annarra fjarskiptafyrirtækja.

Í ljós kom að Síminn og Tal innheimtu ekki gagnkvæm lúkningargjöld á milli félaganna, heldur aðeins gagnvart öðrum fjarskiptafyrirtækjum, þ.m.t. Vodafone og Nova. Síminn bar því við að um „innankerfissímtöl“ væri að ræða á milli Símans og Tals sem ekki bæri að innheimta lúkningu fyrir. Því hafi Síminn ekki mismunað og brotið gegn umræddri jafnræðiskvöð.

Í ákvörðun sinni komst PFS hins vegar að þeirri niðurstöðu að um utankerfissímtöl sé að ræða á milli farsímakerfis Símans og sýndarnets Tals og því hafi borið að innheimta lúkningu á milli félaganna frá ágúst 2010 eins og félögin gerðu gagnvart Vodafone og Nova. Símanum var því gert að ná fram samkomulagi við Tal um gagnkvæma leiðréttingu á uppgjöri fyrir farsímaumferð á milli félaganna fyrir tímabilið sem um ræddi, miðað við að um utankerfissímtöl hafi verið að ræða með tilheyrandi lúkningargjöldum.

Einnig komst PFS að þeirri niðurstöðu að Símanum væri óheimilt að veita smásölu félagsins, eða öðrum aðilum sem njóta heildsöluáðgangs að farsímaneti félagsins, hlutdeild í lúkningartekjum heildsölu félagsins. Símanum bæri að leiðrétta slíkar millifærslur á milli deilda félagsins allt aftur til desember 2009. Þá skyldu allir samningar á milli heildsölu og smásölu félagsins vera skriflegir, auk þess sem deildirnar skyldu gera endursölusamning sín á milli í samræmi við gildandi viðmiðunartilboð um endursölusamning.

Umsókn Neyðarlínunnar um framlag úr jöfnunarsjóði

Ákvörðun nr. 14/2012

Með ákvörðuninni samþykkti PFS umsókn Neyðarlínunnar ohf. um framlag úr Jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir árið 2012 að fjárhæð kr. 46.313.868.

Breytingar á upp færðum viðmiðunartilboðum Símans um endursölu- og sýndarnetsaðgang og brot Símans á gagnsæiskvöð á markaði 15.

Ákvörðun nr. 15/2012

Með ákvörðuninni kvað PFS á um tilteknar breytingar á viðmiðunartilboðum Símans um endursölu- og sýndarnetsaðgang að farsímakerfum félagsins. Auk þess komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Síminn hafi brotið gegn gagnsæiskvöð á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í farsímanetum (markaður 15), sem kveðið var á um í ákvörðun PFS nr. 4/2007, með því að fjarlægja umrædd viðmiðunartilboð af heimasíðu félagsins á tímabilinu janúar 2010 til apríl 2011.

Breytingar á gjaldskrá Íslandspósts innan einkaréttar, afsláttarfyrrikomulagi og viðskiptaskilmálum

Ákvörðun nr. 16/2012

Með ákvörðuninni samþykkti PFS nýja verðskrá Íslandspósts innan einkaréttar. Auk þess hafði stofnunin yfirfarið forsendur Íslandspósts varðandi afsláttarfyrrikomulag fyrir svokallaðan magnpóst. Þessu tengt var lagt fyrir Íslandspóst að gera tilteknar breytingar á viðskiptaskilmálum félagsins vegna umræddra breytinga.

Lokun póstafgreiðslu Íslandspósts

Ákvörðun nr. 17/2012

Íslandspósti heimilað að loka póstafgreiðslu sinni að Laugarvatni (póstnúmer 840).

Lokun póstafgreiðslu Íslandspósts

Ákvörðun nr. 18/2012

Íslandspósti heimilað að loka póstafgreiðslu sinni í Mjóafirði (póstnúmer 715).

Beiðni Fjarskipta (Vodafone) um íhlutun Póst- og fjarskiptastofnunar á grundvelli 47. gr. laga, nr. 38/2011, um fjölmiðla

Ákvörðun nr. 19/2012

Fjarskipti ehf. fóru fram á íhlutun PFS til að kostnaðargreina flutning félagsins á dagskrárefni RÚV á fjarskipaneti sínu á sínu, sbr. 47. gr. fjölmiðlalaga. RÚV taldi sér ekki skylt að greiða fyrir flutninginn þar sem félagið hafði ekki óskað eftir slíkum flutningi. PFS komst að þeirri niðurstöðu að ekki væru forsendur til að stofnunin ákvarðaði endurgjald RÚV fyrir flutning Vodafone á sjónvarpsútsendingum RÚV á dreifikerfi sínu þar sem ekki hefur verið óskað eftir slíkum flutningi af hálfu RÚV, sbr. 44. gr. fjölmiðlalaga.

Bráðabirgðaákvörðun vegna kvörtunar Símans hf. um gjaldtöku Hringdu ehf. fyrir númeraflutninga**Ákvörðun nr. 20/2012**

Með bráðabirgðaákvörðun þessari var Hringdu ehf. gert óheimilt að hækka verðskrá vegna númera- og þjónustuflutnings. Gjald fjarskiptafyrirtækja á íslenskum markaði vegna númera- og þjónustuflutnings skyldi taka mið af því gjaldi sem ákvarðað var árið 2000, og haldast óbreytt þar til ný kostnaðargreining hefði farið fram af hálfu PFS með samræmdum hætti.

Kvörtunarmál vegna óumbeðinna fjarskipta**Ákvörðun nr. 21/2012**

Notandi með bannmerkingu við símanúmer sitt í símaskrá kvartaði yfir því að hringt hefði verið á vegum fyrirtækis í símanúmer hans og honum boðin áskrift að tímariti. Niðurstaða PFS var að með þessu hefði fyrirtækið brotið gegn ákvæðum fjarskiptalaga um óumbeðin fjarskipti.

Kvörtunarmál vegna gjaldtöku fyrir óveitta þjónustu**Ákvörðun nr. 22/2012**

Málið varðaði ágreining um efndir samnings IP-fjarskipta ehf. við kvartanda um internetþjónustu. PFS taldi ágreininginn ekki falla undir gildissvið laga um fjarskipti nr. 81/2003 og að stofnunin væri því ekki bært stjórnvald til að kveða upp úr um málið.

Kvörtunarmál vegna númera- og þjónustuflutnings**Ákvörðun nr. 23/2012**

Kvartað var til PFS vegna reiknings sem notandi fékk frá Tali (IP-fjarskipti ehf.) eftir að hann taldi sig hafa fært viðskipti sín yfir til Hringdu ehf. Skv. fjarskiptalögum ber það fyrirtæki sem neytandi flytur sig til ábyrgð á þjónustuflutningnum. Í þessu tilfelli hafi drátturinn orðið vegna athafnaleysis Hringdu og fyrirtækið þar með brotið gegn ákvæðum um afgreiðslutíma flutningsbeiðna í reglum nr. 617/2010 um númera- og þjónustuflutning.

Sameining póstafréiðslu**Ákvörðun nr. 24/2012**

Íslandspósti heimilað að loka póstafréiðslum fyrirtækisins í Árbæ (póstnúmer 110/113) og Grafarvogi (póstnúmer 112), og opna í stað þeirra nýja póstafréiðslu að Höfðabakka 9.

Kvörtunarmál vegna aftengingar símanúmers**Ákvörðun nr. 25/2012**

PFS komst að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn réttthafa símanúmers með því að óska eftir nýju númeri á línu réttthafans án hans samþykkis, sem varð til þess að eldra númer hans var aftengt og sett í geymslu.

Kvörtunarmál vegna frágangs ljósleiðaralagna Gagnaveitu Reykjavíkur**Ákvörðun nr. 26/2012**

Kvartað var yfir því að frágangi og uppsetningu fjarskiptalagna Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. við tiltekna íbúðir væri verulega ábótavant og krafðist kvartandi þess að PFS tæki til skoðunar hvort frágangur væri í samræmi við gildandi lög og afleiddar heimildir. PFS taldi að taka yrði tillit til undantekningar í tæknireglum staðalsins þar sem verkkaupa er í sjálfsvald sett hversu ítarlega reglunum sé fylgt við uppsetningu fjarskiptakerfis hans. Auk þess yrði að horfa til þess að um eldri byggingu væri að ræða þar sem kröfur um búnað og lagnaleiðir miðuðust við tækni byggingartímans. Niðurstaða PFS var að þrátt fyrir að inntak ljósleiðara fyrir umræddar íbúðir og staðsetning húskassa væri ekki í samræmi við fyrrgreindar reglur og staðla, væri ekkert því til fyrirstöðu að samþykkis yrði aflað eftir á, eða að gerðar yrðu breytingar á fyrirkomulagi innanhússlagnanna sem aðilar þessa máls yrðu ásáttir um.

Kvörtun Landhelgisgæslu Íslands um truflun á neyðarfjarskiptum af völdum varasendis Ríkisútvarpsins**Ákvörðun nr. 27/2012**

PFS ákvarðaði að notkun varasendis Ríkisútvarpsins á Vaðlaheiði, fyrir sjónvarpsútsendingar á VHF tíðnisviðum væri óheimil þar til RÚV hefði gripið til aðgerða sem kæmu í veg fyrir truflanir frá umræddum sendi inn á móttökurásir Landhelgisgæslu Íslands fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti.

Kvörtunarmál vegna reikningagerðar**Ákvörðun nr. 28/2012**

PFS bárust tvær kvartanir um að reikningagerð á vegum fyrirtækisins Hringdu ehf. uppfyllti ekki kröfur reglugerðar nr. 526/2011 um reikningagerð, þar sem kvartendum bærust ekki sundurliðaðir reikningar frá félaginu og þeir gætu því ekki séð hvað lægi að baki þeirri heildarfjárhæð sem þeim væri gert að greiða fyrir þjónustu félagsins.

PFS ákvarðaði að fyrirtækið hefði brotið gegn umræddri reglugerð og var því gert að endurskoða reikningagerð sína með tilliti til hennar.

Einnig skyldi fyrirtækið upplýsa PFS um fyrirkomulag sitt varðandi það hvernig reikningar væru birtir viðskiptavinum þess almennt, auk þess að afhenda stofnuninni almenna og staðlaða fyrirmynd að reikningum félagsins fyrir áramótin 2012/2013.

Beiting dagsektá gegn iCell ehf.**Ákvörðun nr. 29/2012**

Skv. heimild í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun óskaði stofnunin eftir að tölulegum upplýsingum úr fjarskiptarekstri fyrirtækisins iCell ehf. yrði skilað til PFS fyrir tiltekinn tíma. Var tekið fram að um væri að ræða reglulega tölfraeðisöfnun PFS sem fer fram á hálfis árs fresti. Þrátt fyrir ítrekaða framlengingu á svarfresti bárust upplýsingarnar ekki frá fyrirtækinu. Stofnunin ákvað því með formlegri ákvörðun að beita það dagsektum að upphæð kr. 100.000 fyrir hvern dag sem liði án þess að afhentar væru þær upplýsingar sem óskað var eftir.

Lokun póstafræiðslu Íslandspósts**Ákvörðun nr. 30/2012**

Íslandspósti heimilað að loka póstafræiðslu fyrirtækisins á Flateyri (póstnúmer 425)

Lokun póstafræiðslu Íslandspósts**Ákvörðun nr. 31/2012**

Íslandspósti heimilað að loka póstafræiðslu fyrirtækisins á Bíldudal (póstnúmer 465)

Lækkun heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7)**Ákvörðun nr. 32/2012**

Í ákvörðuninni er kveðið á um breytingar sem leiða skuli til þess að ein megin forsendan fyrir mismunandi verði á farsímaþjónustu verði ekki lengur til staðar, þ.e. þegar hringt er í annað farsímafélag en viðkomandi er í viðskiptum við. Samkeppnisvandamál sem PFS hafði greint á þessum markaði mátti fyrst og fremst rekja til þess að það farsímafyrirtæki sem ræður yfir því farsímaneti þar sem símtalinu lýkur, hafi verið með einokunarstöðu á því neti. Flest samkeppnisvandamálin hafa tengst lúkningarverði og að mati PFS hafði í sumum tilvikum átt sér stað yfirverðlagning á símtölum milli kerfa. Kostnaðinun hafði verið velt yfir á þá notendur sem komu inn í kerfið úr öðrum farsíma- eða talsímanetum. Með þessari ákvörðun og fyrri ákvörðun PFS nr. 3/2012 taldi stofnunin að sæi fyrir endann á þessu samkeppnisvandamáli.

Kvörtunarmál vegna fölsunar á uppruna A-númers**Ákvörðun nr. 33/2012**

PFS barst kvörtun um að uppruni númers sem birtist á skjá viðtakanda símtals hafi verið falsaður. Taldi kvartandi að starfsmaður á vegum Hringdu ehf. hafi látið símanúmer sitt birtast, án þess að hafa til þess heimild, þegar Hringdu hafði samband við starfsmann Vodafone, en kvartandi er sjálfur starfsmaður Vodafone. Telur kvartandi að með þessu hafi starfsmaður Hringdu verið að beita röngu auðkenni/númeri í þeim tilgangi að blekkja móttakanda símtals. Taldi kvartandi þetta brjóta gegn fjarskiptalögum og reglum um fyrirkomulag númerabirtingar. Í ákvörðuninni er það niðurstaða PFS að sú háttsemi Hringdu ehf. að láta númer starfsmanns Vodafone birtast sem A-númer, þegar fyrirtækið hringdi í annan starfsmann Vodafone, hafi brotið gegn 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 629/2008, um fyrirkomulag númerabirtingar. Telur PFS umrætt atvik einnig hafa brotið gegn 47. gr. fjarskiptalaga sbr. 4. gr. reglna nr. 1221/2007, með því að ekki voru fyrir hendi viðeigandi öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir að hægt væri að breyta uppruna A-númers í símtali sem hringt var út úr kerfi félagsins.

Um ágreining í kjölfar ógildingar á skilmála í gjaldskrá Íslandspósts**Ákvörðun nr. 34/2012**

Í málinu var tekist á um það á milli Íslandspósts og Póstmarkaðarins hvaða skilmálar og gjaldskrá væru í gildi í kjölfarið á ógildingu úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála á ákvörðun PFS nr. 36/2010.

Umsókn Símans um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu**Ákvörðun nr. 35/2012**

PFS hafnaði umsókn Símans hf. um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna reksturs almenningssíma árin 2007-2011

Útnefning fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagning kvaða á heildsölumörkuðum fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaðir 2 og 3)

Ákvörðun nr. 36/2012

Ákvörðun eftir markaðsgreiningu PFS á heildsölumarkaði fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum. Niðurstaðan var að Síminn njóti ennþá umtalsverðs markaðsstyrks á þeim markaði. Því voru lagðar kvaðir á félagið, sú helsta að í stað þess að byggja heildsöluverð fyrir upphaf símtala í talsímaneti sínu á eigin kostnaðargreiningu eins og áður skuli Síminn miða heildsöluverð sitt við ríki á EES-svæðinu sem beita tiltekinni kostnaðargreiningaraðferð.

Varðandi heildsöluverð fyrir að ljúka símtölum í eigin talsímanetum lagði PFS kvaðir á fimm fyrirtæki sem voru útnefnd með umtalsverðan styrk á þeim markaði. Með kvöðunum hvarf ein megin forsendan fyrir mismunandi verði á talsímaþjónustu, þ.e. þegar hringt er í annað talsímafélag en viðkomandi er í viðskiptum við. Félögin eru Síminn, Vodafone, Nova, Símafélagið og Hringdu.

Með ákvörðun PFS skyldi hámarks lúkningarverð allra fyrirtækjanna verða hið sama frá og með 1. mars 2013., eða 0,63 kr./mín. auk 0,62 kr. tengigjalds fyrir hvert símtal. Verðin skyldu síðan ráðast af árlegum verðsamanburði PFS við ríki innan EES-svæðisins.

Ákvörðun þessi kom í kjölfar ákvarðana PFS nr. 3/2012 og nr. 32/2012, sjá ofar.

Tiltekið er að þann 1. júlí 2013 skuli lúkningarverð í farsíma nema 1,66 kr. Verulega hefur því dregið úr verðmun á lúkningu símtala í talsíma- og farsímanetum, því hæstu verð fyrir lúkningu símtala í farsíma hafa til langs tíma numið um 12 kr./mín.

Niðurfelling kvaða á heildsölumarkaði fyrir flutning símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 10)

Ákvörðun nr. 37/2012

Ákvörðunin varðar heildsölumarkað fyrir flutning símtala í talsímanetum (markaður 10 skv. eldri tilmælum ESA). Komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að þar ríkti nú virk samkeppni og lagði því ekki kvaðir á fyrirtæki á þeim markaði.

Aðgangsléið 1 hjá Símanum

Ákvörðun nr. 38/2012

Ákvarðað að Síminn skuli veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aukinn heildsöluaðgang að VDSL og ADSL kerfum sínum á kostnaðargreindum verðum. VDSL kerfi Símans, öðru nafni Ljósnet Símans, er háhraðanetkerfi sem Síminn hefur verið að byggja upp síðustu misseri og býður upp á mun öflugri og hraðari gagnaflutning en hin eldri ADSL tækni.

Kvörtunarmál um reikningagerð

Ákvörðun nr. 39/2012

Kvartað var til PFS yfir því að fyrirkomulag reikningagerðar IP-fjarskipta ehf. (Tal) væri ófullnægjandi og ekki í samræmi við gildandi lög og reglur. Í ákvörðuninni er mælt fyrir um úrbætur varðandi reikningagerð hjá félaginu.

Kvörtunarmál vegna lélegrar þjónustu

Ákvörðun nr. 40/2012

Kvartað var til PFS yfir lélegri þjónustu hjá Hringdu ehf. (Hringdu). Komst PFS að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið hefði ekki brotið gegn ákvæðum um númera- og þjónustuflutning í almennum fjarskiptanetum. Hins vegar hefði fyrirtækið brotið gegn fjarskiptalögum með því að tilgreina ekki á reikningi til kvartanda að innheimt væri seðilgjald auk reiknings fyrir þjónustu.

Úrskurðir úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála

Mál nr. 2/2012 - IP fjarskipti ehf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun

Úrskurðarnefnd birti þrjá úrskurði í málinu:

- a) Úrskurður um frestun réttaráhrifa - 26. mars 2012
- b) Úrskurður um aðild að máli - 26. mars 2012
- c) Ákvörðun PFS nr. 3/2012 staðfest - 25. maí 2012

Málið varðaði ákvörðun PFS nr. 3/2012 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum og álagning kvaða á þeim markaði (markaður 7

Mál nr. 4/2012 - 2. apríl 2012

X gegn Póst- og fjarskiptastofnun

Málið varðaði kæru ónafngreinds aðila (X) vegna ákvörðunar PFS nr. 31/2011 um kvartanir vegna lokunar á aðgangi að tilteknum heimasíðum. Nefndin vísaði kærinni frá.

Mál nr. 1/2012

Lýðræðishreyfingin gegn Póst og fjarskiptastofnun

Málið varðaði framkvæmd uppboðs PFS á útvarpstíðninni FM 100,5. Nefndin vísaði málinu frá með bréfi dags 13. apríl 2012

Mál nr. 3/2012 - 13. júlí 2012

Kristinn Snæland og íbúðasamtökin Betra Breiðholt o.fl. gegn Póst- og fjarskiptastofnun

Málið varðaði kæru vegna ákvörðunar PFS nr. 8/2012 þar sem Íslandspósti er heimilað að sameina póstaðgreiðslu sína í Mjódd póstaðgreiðslu fyrirtækisins í Kópavogi. Með úrskurðinum staðfesti nefndin ákvörðun PFS.

Mál nr. 5/2012

Úrskurðarnefnd birti tvo úrskurði í málinu

a) Póstmarkaðurinn ehf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun - 28. júní 2012

Ákvörðun PFS nr. 16/2012 um breytingar á gjaldskrá Íslandspósts innan einkaréttar, afsláttarfyrirkomulagi og viðskiptaskilmálum kærð. Krafist var frestunar réttaráhrifa hennar. Nefndin vísaði kærinni frá.

b) Póstmarkaðurinn ehf., Íslandspóstur ohf. og Póstdreifing ehf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun - 31. október 2012

Úrskurðarnefnd staðfesti Ákvörðun PFS nr. 16/2012 að undanteknum þeim forsendum hennar sem vörðuðu afslátt á grundvelli heildarviðskipta yfir ákveðið tímabil. Einnig felldi nefndin úr gildi skilmála sem heimilaði 2% frávik frá því að ekki mætti blanda saman pósti til útlanda við innanlandspóst.

Starfsemi PFS í tölum árið 2012

Tíðnum úthlutað

Hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar.....	25
Fastasambönd (fj. linka).....	80
Farstöðvarkerfi á VHF og UHF.....	45
MF og HF.....	0
Skammtímahljóðvarp.....	60
Önnur tímabundin leyfi f. innl. aðila.....	60
Tímab. leyfi fyrir útlendinga.....	70

Númerum

Fjöldi úthlutaðra númera	2.813.340
--------------------------------	-----------

Kvartanir vegna truflana

Kvartanir vegna truflana.....	19
-------------------------------	----

Útgáfa leyfisbréfa fyrir radiótæki

Flugvélar	99
Skip.....	562
Landfarstöðvar á metrabylgju - VHF.....	90
Landfarstöðvar á desimetrabylgju -UHF	1
Landfarstöðvar á millibylgju MF.....	0
Handstöðvar á metrabylgju VHF.....	174
Handstöðvar á desimetrabylgju	87
Landmóðurstöðvar á metrabylgju.....	3
Landmóðurstöðvar á desimetrabylgju.....	0
Landmóðurstöð neyðarboðtæki (PLB).....	1

Útgáfa skírteina fyrir notendur

Fjarskiptaskírteini, flug	1
Fjarskiptaskírteini, skip (GOG)	116
Fjarskiptaskírteini, skip (ROC).....	61
Amatörar, innlendir.....	8
Amatörar, erlendir.....	4
Amatörar, ýmislegt	25

Úthlutun einkennisnúmera

Númer fyrir skip.....	120
-----------------------	-----

Skoðanir á bátum og skipum - skipting eftir landssvæðum

Reykjavík.....	45
Norðvesturkjörðæmi.....	32
Norðausturkjörðæmi.....	34
Suðurkjörðæmi.....	56

Suðvesturkjörðæmi	24
Skip skráð erlendis.....	23
Skip skoðuð erlendis.....	2

Radióbúnaðarskoðun í skipum

og opnum vélbátum

Bátar styttri en 24 m. Skoðaðir af skoðunar- stofum og Siglingastofnun Íslands.....	1.257
Bátar lengri en 24. m. og skip	199
Skemmtibátar skoðaðir af eigendum.....	80

Skráðar landstöðvar

Fastastöðvar

Metrabylgjustöðvar (VHF)	384
Desimetrabylgjustöðvar (UHF)	52
Millibylgjustöðvar (MF-SSB)	23
Boðtæki	22

Farstöðvar í bifreiðum

Millibylgjustöðvar (MF-SSB).....	441
Metrabylgjustöðvar (VHF)	6.095
Desimetrabylgjustöðvar (UHF).....	115

Handstöðvar og merkjasendar

Metrabylgjustöðvar (VHF).....	5.420
Desimetrabylgjustöðvar (UHF)	1.077
Merkjasendar (vitar)	44
Ýmis búnaður.....	167

Stöðvar í skipum

Millibylgjustöðvar (MF-SSB).....	27
Milli- og stuttbylgjustöðvar (Combined MF/HF)	212
Metrabylgjustöðvar (VHF).....	3.054
Neyðartalstöðvar.....	596
Radarsvarar (UHF)	231
Navtex (LF)	233
Neyðarbaujur, frífljóandi (406 MHz)	332
Neyðarbaujur í björgunarbátum og inni (406 MHz).....	2.434
Inmarsat B	2
Inmarsat C	230
Inmarsat M.....	12
AIS (Sjálfvirkt auðkenniskerfi)	1.670

Ársreikningur Póst- og fjarskiptastofnunar 2012

Rekstrarreikningur árið 2012

	2012	2011
Tekjur		
Markaðar tekjur.....	300.868.277	294.927.438
Rekstrartekjur	19.725.640	20.008.301
	<u>320.593.917</u>	<u>314.935.739</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	241.190.848	210.576.488
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	17.825.938	17.217.442
Funda- og ferðakostnaður	19.505.431	12.618.745
Aðkeypt sérfræðipjónusta	23.228.027	12.773.796
Rekstur tækja og áhalda	1.003.982	1.113.538
Annar rekstrarkostnaður	7.571.729	3.483.143
Húsnæðiskostnaður	22.940.605	23.173.713
Félagsgjöld til alþjóðastofnana	18.710.576	18.224.670
Bifreiðakostnaður	1.683.363	730.727
Tilfærslur	40.000	0
	<u>353.700.499</u>	<u>299.912.262</u>
Eignakaup.....	13.704.073	20.766.667
	<u>367.404.572</u>	<u>320.678.929</u>
(Tekjuhalli) fyrir hrein fjármagnsgjöld	(46.810.655)	(5.743.190)
Hreinar fjármunatekjur.....	1.603.879	1.380.347
(Tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	(45.206.776)	(4.362.843)
Ríkisframlag	10.000.000	2.500.000
(Tekjuhalli) ársins	<u>(35.206.776)</u>	<u>(1.862.843)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	2012	2011
Eignir		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður.....	10.979.253	58.758.680
Víðskiptakröfur.....	5.851.537	7.757.532
Handbært fé.....	30.064.775	28.742.828
	<u>46.895.565</u>	<u>95.259.040</u>
Eignir alls	<u>46.895.565</u>	<u>95.259.040</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun.....	41.105.144	53.467.987
Millifært á bundið eigið fé.....	(7.045.319)	(10.500.000)
Tekjuhalli ársins.....	(35.206.776)	(1.862.843)
Höfuðstóll	<u>(1.146.951)</u>	<u>41.105.144</u>
Annað eigið fé:		
Bundið eigið fé.....	39.445.319	32.400.000
Eigið fé	<u>38.298.368</u>	<u>73.505.144</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Víðskiptaskuldir.....	8.597.197	21.753.896
Skuldir	<u>8.597.197</u>	<u>21.753.896</u>
Eigið fé og skuldir	<u>46.895.565</u>	<u>95.259.040</u>

